

BORGARRÁÐ 19. nóvember 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um að opinberri birtingu fjárhagsáætlana verði flýtt - R20110274

Lagt er til að efni fjárhagsáætlunar 2021 og fimm ára áætlunar 2021-2025 verði sent Kauphöll Íslands um leið og borgarráð hefur ákveðið að vísa efni áætlanna formlega til borgarstjórnar. Fyrirhugað er að gera slíkt 27. nóvember n.k. Hingað til hafa borgarráðsfulltrúar og áheyrnarfulltrúar í borgarráði fengið kynningu á drögum fjárhagsáætlanna áður en það fer til opinberrar birtingar. Ekki allir borgarfulltrúar sitja í borgarráði og þurfa þeir fulltrúar að halda trúnaði þangað til að trúnaður afléttist af gögnunum. Ferlið hefur verið þannig að fjármála- og áhættustýringarsvið sendir Kauphöll Íslands upplýsingar fjárhagsáætlanna sem birtar eru á upplýsingavef Kauphallarinnar samtímis kynningu borgarstjóra á fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun í borgarstjórn. Á borgarstjórnarfundinum afléttist trúnaður á gögnunum. Miðað við núverandi skipulag á sá borgarstjórnarfundur sér stað fjórum dögum eftir framlagningu fjárhagsáætlunarinnar í borgarráði. Erfitt er fyrir þá sem eiga einn fulltrúa úr sínum flokki í borgarráði og borgarstjórn að setja sig að fullu inn í efni fjárhagsáætlanna á þeim stutta tíma sem um ræðir. Fyrirhugað er að kynningar á efni fjárhagsáætlanna fari fram í borgarráði 26.-27. nóvember og verði síðan ræddar í fyrri umræðu og gerðar opinberar á fundi borgarstjórnar þann 1. desember. Því er lagt til að efni fjárhagsáætlunar 2021 og fimm ára áætlunar 2021-2025, þar með talið tillögur um tekjur og mögulegar lántökur ásamt greinargerðum sem þeim fylgja verði sendar Kauphöll Íslands á sama tíma og þær hafa verið afgreiddar úr borgarráði. Þetta er lagt til svo að Reykvíkingar allir geti með virkari og gegnsærri hætti komið að vinnslu áætlunarinnar.

Greinargerð:

Fjárhagsáætlun til næstu ára er stór og viðamikil áætlun sem viðkemur öllum Reykvíkingum. Eðlilegt er að vilja undirbúa innlegg inn í umræðuna vel. Borgarráð semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur fyrir borgarstjórn. Miðað við núverandi skipulag er fyrirhugað að slíkt eigi sér stað föstudaginn 27. nóvember. Hingað til hefur trúnaði verið aflétt á borgarstjórnarfundum sem fyrirhugað er að eigi sér stað 1. desember. Hér er lagt til að gögnin verði gerð opinber með birtingu í Kauphöll um leið og borgarráð hefur samþykkt að vísa efni fjárhagsáætlanna til borgarstjórnar. Með því að hleypa fleiri aðilum að gögnunum má skapa góða og dýpri umræðu, þar sem fleiri raddir koma að.